



FJÖLMIÐLANEFND

5. febrúar 2019

Álit nr. 1/2019

Kvörtun vegna ætlaðra brota Sýnar á reglum um hlutlægni og nákvæmni í frétt aflutningi með umfjöllun um trúfélagið Zuism á Vísi 13. og 16. nóvember 2018.

I. Málsvik

1. Kvörtun

Þann 19. nóvember 2018 barst fjölmiðlanefnd kvörtun trúfélagsins Zuism (Zuism), þar sem kvartað var yfir fréttum Vísis um trúfélagið 13. og 16. nóvember 2018. Nánar tiltekið var kvartað yfir frétt á Vísi, sem birt var með fyrirsögninni *Kickstarter-bróðir fékk á aðra milljón úr Tækniþróunarsjóði*, þann 13. nóvember 2018, og yfir frétt sem birt var með fyrirsögninni *Zúistar fá tugi milljóna frá ríkinu en finnast hvergi*, þann 16. nóvember 2018. Í kvörtuninni var vísað til 36. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 (lög um fjölmiðla), um rétt til andsvara, og 26. gr. sömu laga, um lýðræðislegar grundvallarreglur og hlutlægni og nákvæmni í frétt aflutningi.

Fjallað var um þann hluta kvörtunarinnar sem snýr að 36. gr. laga um fjölmiðla í ákvörðun fjölmiðlanefndar nr. 8/2018, þar sem fjölmiðlanefnd komst að þeirri niðurstöðu að Vísi hafi verið heimilt að synja Zuism um andsvar. Í álitinu þessu verður fjallað um þann hluta kvörtunarinnar sem snýr að ætluðu broti Sýnar hf., útgáfufélagi Vísis, á 26. gr. laga um fjölmiðla.

2. Efnistöð frétta á Vísi

Í fréttum Vísis um Zuism 13. nóvember 2018 kom m.a. fram að félagið væri „dularfullt trúfélag sem hafi fengið tugi milljóna frá ríkinu í formi sóknargjalda.“ Tveir bræður, Ágúst Arnar Ágústsson og Einar Ágústsson, leiki lykilhlutverk í sögu þess, sem sagt er byggja á grunni trúarbragða hinnar fornu þjóðar Súmera. Hafi þeir fengið leyfi hjá sýslumanninum á Norðurlandi eystra til að stofna trúfélag 2013 en „engin starfsemi virðist hafa farið fram á vegum þess,“ eins og segir í frétt Vísis frá 13. nóvember. Sýslumaður hafi haft í hyggju að



FJÖLMIDLANEFND

afskrá félagið en áður en til þess kom hafi hann auglýst eftir félögum eða aðstandendum sem vildu gangast við félaginu. Hópur fólks sem vildi umbætur á lagaumhverfi trúfélaga, og virtist vilja mótmæla fyrirkomulagi sóknargjalda sem ríkið greiðir trúfélögum landsins, hafi þá tekið félagið yfir og lofað að endurgreiða félögum sínum sóknargjöldin. Loforð um endurgreiðslu hafi laðað fjölda fólks að félaginu. Þannig hafi samkvæmt tölum Hagstofunnar fjöldi skráðra félagsmanna farið úr fjórum árið 2015 í 3.087 árið eftir. Í frétt Vísis 13. nóvember sagði: „Þegar ljóst var að trúfélagið fengi tugi milljóna króna í sóknargjöld frá ríkinu steig Ágúst Arnar fram og gerði tilkall til yfirráða í félaginu og þar með fjármunanna. Sýslumaður varð á endanum við kröfu Ágústs Arnars og skráði hann sem forstöðumann trúfélagsins.“ Þá kom fram í frétt Vísis að Ágúst Arnar hafi lofað að standa við heit hópsins um að endurgreiða félögum sóknargjöldin. Hann segi endurgreiðslur hafnar en hafi ekki viljað gefa upplýsingar um hversu margir hafi fengið endurgreitt og hversu mikið af sóknargjöldunum hafi verið greidd út til félaga.

Í frétt Vísis 16. nóvember er upplýst að hið skráða trúfélag Zuism hafi fengið tugi milljóna króna í formi sóknargjalda úr ríkissjóði, þrátt fyrir að það virðist hvergi til húsa og takmörkuð starfsemi fari fram á vegum þess. Miðað við núverandi félagafjölda muni félagið hafa fengið rúmar áttatíu milljónir króna frá ríkinu á næsta ári. Þá segir í fréttinni að forstöðumaður Zuism hafi verið rannsakaður fyrir fjársvik og Kickstarter-söfnun hans verið lokað vegna rannsóknar yfirvalda. Jafnframt er því lýst í fréttinni hvernig blaðamaður reynir að hafa uppi á aðsetri félagsins í Reykjavík, án árangurs.

Bæði í fréttum Vísis 13. og 16. nóvember kemur fram að engin starfsemi virðist fara fram í félaginu, sbr. orðalag í frétt Vísis 13. nóvember: „Þeir fengu leyfi hjá sýslumanninum á Norðurlandi eystra til að stofna trúfélag árið 2013 en engin starfsemi virðist hafa farið fram á vegum þess“. Þá segir í frétt Vísis 16. nóvember að „engin starfsemi virðist þó hafa verið á vegum Zuism eftir að það hlaut skráningu sem trúfélag fyrir fimm árum.“

II. Málsatvik og sjónarmið málsaðila

1. Sjónarmið kvartanda

Í kvörtun Zuism kom fram að félagið teldi Vísi hafa brotið gegn 26. gr. laga um fjölmiðla með framangreindri umfjöllun og hafi blaðamaður Vísis farið með rangt mál um Zuism og stjórnendur þess. Flestu því sem fram komi í greinarskrifunum hafi verið svarað nú þegar og séu svörin aðgengileg á vef félagsins. Blaðamaður hafi hunsað allt jákvætt og dregið upp að því er virðist neikvæða og ranga mynd af félaginu og stjórnendum þess með fyrrnefndum blaðgreinum. Þann 16. nóvember hafi félagið sent yfirlýsingu til Vísis sem andsvar við því



FJÖLMÍÐLANEFND

sem fram hafi komið í fréttinni. Hafi hún ekki verið birt og þegar kvörtunin sé rituð sé upprunalega fréttin ennþá aðgengileg á Visir.is.

Þann 19. nóvember 2018 óskaði fjölmiðlanefnd frekari skýringa á því hvaða leiðréttingum Zuism vildi koma á framfæri, þar sem hún taldi það ekki að öllu leyti skýrt, og fór þess jafnframt á leit við félagið að gefin yrði nákvæm lýsing á atvikum. Þá óskaði nefndin við sama tækifæri eftir afriti af þeirri yfirlýsingu trúfélagsins sem vísað var til í kvörtuninni.

Svar félagsins barst með tölvupósti 20. nóvember. Þar sagði að með póstinum fylgdi uppfærð kvörtun, ásamt afriti af yfirlýsingu, sem send hafi verið Vísi, og af samskiptum milli Vísis og fjölmiðlafulltrúa Zuism.

Í uppfærðri kvörtun Zuism sagði: *Þann 13.11.2018 og 16.11.2018 birti Visir.is fréttir er vörðuðu trúfélagið Zuism. Þann 16.11.2018 sendi Zuism yfirlýsingu sem andsvar við þessum fréttum. Samskipti fjölmiðlafulltrúa Zuism og Vísis eru meðfylgjandi en ekki fékkst skýrt svar hvort til stæði að birta hana eða ekki. Þegar þetta er ritað hefur hún ekki verið birt.*

Þá kom fram að yfirlýsing sú sem Zuism sendi Vísi 16. nóvember sl. hafi verið svohljóðandi:

Vegna umfjöllunar um trúfélagið Zuism á Vísi í dag vill félagið koma eftirfarandi atriðum á framfæri.

Zuism er eitt stærsta trúfélag landsins en meðlimir trúfélagsins eru nú um tvö þúsund talsins. Starfsemi félagsins gengur vel en röng mynd er dregin upp af starfsemi félagsins í frétt Vísis. Trúfélagið býður upp á og hefur framkvæmt ýmsar vígsluathafnir, eins og brúðkaup og skírnir á síðustu vikum. Hvetjum við áhugasama til að nýta sér þá þjónustu. Það er því rangt og úr lausu lofti gripið að trúfélagið sé ekki virkt.

Þá fóru endurgreiðslur á sóknargjöldum til meðlima fram á síðasta ári, líkt og lofað hafði verið. Umsóknir fyrir endurgreiðslur þessa árs hófust 1. nóvember sl. og standa til 30. nóvember nk. Við hvetjum alla meðlimi trúfélagsins til þess að nýta sér þennan valkost, ella láta féð renna til góðgerðarfélaga. Zuism er ekki eina trúfélagið sem fær sóknargjöld en það er það eina sem býður meðlimum sínum að fá þau endurgreidd.

Félagið hefur því í staðinn leigt aðstöðu á meðan leitað er eftir varanlegu húsnæði fyrir starfsemina. Í því sambandi hefur stjórn félagsins í hvívetna leitast við að lágmarka kostnað svo að peningar félagsins nýtist sem best til góðra starfa.

Rétt er að taka fram að [S] og [Í] voru aldrei við stjórnvölinn í trúfélaginu Zuism. Með því að villa á sér heimildir gagnvart [H], fulltrúa sýslumannsins á Norðurlandi eystra, tókst [Í] að hljóta stöðu forstöðumanns í trúfélaginu tímabundið. Í kjölfarið handvaldi



FJÖLMÍÐLANEFND

hann nýja stjórn, þ.m.t. [S] en líkt og kemur fram í fréttinni úrskurðaði innanríkisráðuneytið skipan [Í] ólögæta. Ekki þurfti að taka sérstaklega afstöðu til hinnar handvöldu stjórnar [Í], enda var hún bersýnilega ólögætt þar sem hún hlaut aldrei kjör í samræmi við lög trúfélagsins Zuism. [S] og [Í] hafa útrekað villt á sér heimildir og talið utanaðkomandi aðilum trú um að þeir væru við völd í trúfélaginu, þrátt fyrir að hafa strax á fyrstu skrefum verið tilkynnt af stjórn félagsins að þeir störfuðu í trássi við lög félagsins, líkt og innanríkisráðuneytið staðfesti.

Fyrir hönd Zuism,

Ágúst Arnar Ágústsson, forstöðumaður Zuism.

2. Sjónarmið Sýnar hf.

Fjölmiðlanefnd óskaði miðvikudaginn 21. nóvember 2018 eftir sjónarmiðum Sýnar hf. vegna kvörtunar Zuism og bárust þau með bréfi Þóris Guðmundsonar fréttastjóra Stöðvar 2, Bylgjunnar og Vísis, dags. 22. nóvember sl.

Í svari fréttastjóra kom m.a. fram að við vinnslu þeirra fréttu Vísis, sem Ágúst Arnar Ágústsson vísi til í kvörtun sinni, hafi verið leitað allra mögulegra leiða til að ná tali af honum; símleiðis, í gegnum samfélagsmiðla, auk þess sem reynt hafi verið að taka hús á honum á fleirum en einum stað. Af þessu leiði að honum hafi verið veittur réttur til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri sem hann hafi kosið að nýta ekki. Þegar af þeirri ástæðu beri fjölmiðlanefnd að hafna erindinu eða vísa því frá.

Þá vísar fréttastjóri í svari sínu til tölvupósta þeirra sem fylgi kvörtuninni til fjölmiðlanefndar þar sem varafréttastjóri ítreki ósk sína um viðtal við Ágúst Arnar.

Í svari sínu fór fréttastjóri yfir efnisatriði yfirlýsingar Zuism, lið fyrir lið, með athugasemdum fréttastofu við hvern og einn lið, vegna beiðni félagsins um andsvar á grundvelli 36. gr. Um þær athugasemdir vísast til ákvörðunar fjölmiðlanefndar nr. 8/2018 þar sem athugasemdir fréttastofu Stöðvar 2, Bylgjunnar og Vísis voru raktar.

III. Forsendur og niðurstaða

1.

Í 26. gr. laga um fjölmiðla segir að fjölmiðlaveita skuli í starfi sínu halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og standa vörð um tjáningarfrelsi. Hún skuli virða mannréttindi og jafnrétti og einnig friðhelgi einkalífs nema lýðræðishlutverk fjölmiðlaveitu og upplýsingaréttur almennings krefjist annars. Fjölmiðlaveita skuli gæta þess að uppfylla kröfur um hlutlægni og



FJÖLMIÐLANEFND

nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni og gæta þess að mismunandi sjónarmið komi fram, jafnt karla sem kvenna.

Fjölmiðlum ber að hafa ákvæði 26. gr. til hliðsjónar við alla vinnslu á fréttum og fréttatengdu efni. Ákvæðið felur í sér sannleiks- og hlutlægnikröfu en í greinargerð með lögum um fjölmiðla segir að krafan um hlutlægni felir m.a. í sér að staðhæfingar, sem settar séu fram í fréttum og fréttatengdu efni, skuli vera réttar og að allar nauðsynlegar upplýsingar skuli koma fram. Reglur um hlutlægni í fréttum og fréttatengdu efni ganga út á að vernda upplýsingarétt almennings, enda brýnt að almenningur geti mótað skoðanir sínar og dregið ályktanir út frá réttum og hlutlausum upplýsingum.

Brot á ákvæði 26. gr. varða hvorki stjórnvaldssektum né refsingu en fjölmiðlanefnd hefur heimild til að ljúka málum vegna brota á 26. gr. laga um fjölmiðla með birtingu áhlits, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga um fjölmiðla. Telji fjölmiðlanefnd að erindi gefi ekki nægar ástæður til meðferðar er hlutaðeigandi tilkynnt um þá niðurstöðu, sbr. 5. gr. í starfsreglum nefndarinnar, sem settar voru með stoð í 3. mgr. 8. gr. laga um fjölmiðla.

Við mat á því hvort til greina komi að birta álit á grundvelli ákvæðisins ber að hafa hliðsjón af 73. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og 10. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu um rétt til tjáningarfrelsis. Undanþágur frá meginreglunni um tjáningarfrelsi ber að túlka þröngt, eins og fram hefur komið í dómafrankvæmd hérlandra dómstóla, auk þess sem ítrekuð dómafordæmi Mannréttindadómstóls Evrópu liggja þeim sömu sjónarmiðum til grundvallar. Hefur dómstóllinn litið svo á að framlag til almennrar umræðu njóti ríkari verndar en önnur tjáning. Með því er átt við að síður sé heimilt að takmarka frelsi til tjáningar sem varðar almannahagsmuni.

2.

Í frétt Vísis 16. nóvember 2018 kom fram að ekki hafi náðst í forsvarsmann Zuism símleiðis eða með öðrum hætti við vinnslu fréttar um trúfélagið, þar sem símanúmer forsvarsmanns virðist ekki vera skráð á Já.is og hafi hann ekki svarað símtölum í símanúmer sem blaðamaður hafi fengið upplýsingar um að hann hefði til umræða. Hafi hann heldur ekki svarað Facebook-skilaboðum eða tölvupósti sem sendur var á netfang sem áður hafi verið notað, m.a. af hans hálfu, til að senda fjölmiðlum fréttatilkynningar. Þá virðist sem það farsímanúmer sem gefið sé upp fyrir Zuism á Já.is sé ekki virkt.

Einnig kemur fram í frétt Vísis að við vinnslu fréttar um Zuism hafi fréttamaður Vísis gert árangurslausar tilraunir til að hafa uppi á forsvarsmönnum og aðsetri félagsins, eins og þeim tilraunum er lýst í umfjöllun fjölmiðilsins, en hafi engin ummerki verið um starfsemi félagsins á skráðu lögheimili þess, Nethyl 2b í Reykjavík. Hafi blaðamaður jafnframt dregið á dyr á



FJÖLMIÐLANEFND

skráðum lögheimilum félaganna Janulus hf. og RH16 ehf. sem tengist forsvarsmönnum trúfélagsins Zuism, en þar hafi heldur enginn komið til dyra.

Afrit af samskiptum fréttamanns Vísis og fjölmiðlafulltrúa trúfélagsins Zuism fylgdu kvörtun þess síðarnefnda til fjölmiðlanefndar. Af þeim gögnum má ráða að forsvarsmönnum trúfélagsins Zuism hafi bæði verið boðið að koma að athugasemdum sínum vegna umfjöllunar Vísis við vinnslu fréttarinnar, auk þess sem óskað hafi verið eftir viðtali við forsvarsmann félagsins af hálfu fjölmiðilsins eftir að fréttin hafði birst og kvörtun hafði borist Vísi vegna umrædds fréttaflutnings. Í beiðni fréttamanns kemur fram að reynt hafi verið árangurslaust í marga daga að hafa uppi á forsvarsmönnum félagsins, eftir ýmsum leiðum.

Á fundi fjölmiðlanefndar 5. febrúar sl. var fjallað um þann hluta kvörtunar trúfélagsins Zuism, sem laut að meintum brotum Sýnar hf. gegn 26. gr. laga um fjölmiðla, vegna fyrrgreindrar umfjöllunar Vísis 13. og 16. nóvember sl.

Með hliðsjón af gögnum málsins telur fjölmiðlanefnd ljóst að fréttamenn Vísis hafi, við vinnslu umræddra fréttu, reynt ítrekað að hafa uppi á forsvarsmönnum trúfélagsins Zuism til að gefa þeim færi á að koma upplýsingum og sjónarmiðum sínum á framfæri. Hins vegar hafi slíkar umleitanir engan árangur borið; skráð símanúmer á vegum félagsins hafi reynst óvirk og skilaboðum á samfélagsmiðlum hafi ekki verið svarað. Við vinnslu fréttarinnar hafi fréttamenn auk þess árangurslaust drepit á dyr á nokkrum stöðum, þar sem ætla mátti að forsvarsmenn félagsins gætu verið til húsa. Loks hafi forsvarsmaður félagsins hafnað viðtalsbeiðni fréttamanns Vísis eftir að birtingu umræddra fréttu og eftir að beiðni um andsvar barst frá félaginu.

Fjölmiðlanefnd telur að með fyrrgreindum fréttum Vísis, um trúfélagið Zuism og endurgreiðslur ríkisins til félagsins, hafi ljósi verið varpað á ráðstöfun almannaþings; endurgreiðslur ríkisins til skráðra trúfélaga hér á landi. Hafi umfjöllun Vísis þannig falið í sér framlag til almennrar umræðu, sem varði almannahagsmuni og hafi hún sem slík átt erindi til almennings.

Með vísan til alls framangreinds er það niðurstaða fjölmiðlanefndar að vinnubrögð fréttamanna Vísis við vinnslu umræddra fréttu hafi verið í samræmi við skilyrði 26. gr. laga um fjölmiðla um lýðræðislegar grundvallarreglur og hlutlægni og nákvæmni í fréttum og fréttatengdu efni.



FJÖLMIÐLANEFND

3. Álit fjölmiðlanefndar

Umfjöllun Vísis um trúfélagið Zuism á Vísí 13. og 16. nóvember 2018 fór ekki í bága við 26. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011.

Kolbrún Sævarsdóttir

Björn Vignir Sigurpálsson

Finnur Beck

Róbert H. Haraldsson